



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
b.t. Helga Helgasonar, heilbrigðisfulltrúa  
Innrimel 3  
301 Akranes

27. apríl 2015  
Málsnr. 1504040 / RÁ/sa

**Efni: Úrskurður nefndar umhverfis- og auðlindamála 27. mars 2015 og endurálagning sorphirðugjalda vegna ársins 2014.**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kvað upp úrskurð þann 27. mars síðastliðinn vegna kæru gjaldanda á Akranesi varðandi álagningu sorpgjalda 2014. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var sú að vegna formgalla, sökum þess að ekki var leitað umsagnar heilbrigðisnefndar sbr. 25. gr. laga númer 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, var gjaldskráin ekki talin lögmætur grundvöllur gjalddökunnar og því bæri Akraneskaupstað að endurgreiða gjaldandanum álögð sorpgjöld að fjárhæð kr. 29.820.

Ljóst er að ákvörðun úrskurðarnefndarinnar hefur fordæmisgildi gagnvart öðrum gjaldendum sorpgjalda á Akranesi vegna ársins 2014. Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um endurálagningu gjaldanna að viðhöfðum réttum málsmeðferðarreglum þ.e. með öflun umsagnar heilbrigðisnefndar eins og að framan er getið. Rétt þykir að gera heilbrigðisnefnd grein fyrir að kæra gjaldandans byggði á tveimur þáttum: Annars vegar að ekki hafi verið gætt réttar málsmeðferðar og aflað umsagnar heilbrigðisnefndar samkvæmt 25. gr. laga númer 7/1998 áður en gjaldskráin var sett og hins vegar að álögð gjöld hafi verið hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við þjónustuna. Ekki reyndi á síðari þátt kærunnar en Akraneskaupstaður telur mikilvægt og óskar sérstaklega eftir því að heilbrigðisnefnd veiti skýra leiðsögn um þá kostnaðarliði sem heimilt er að leggja til grundvallar við ákvörðun gjaldanna.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 16. mars síðastliðinn og undirritaðri falið að óska eftir leiðbeiningum heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Undirrituð óskar því eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig ber Akraneskaupstað að standa að umsagnarferlinu miðað við þá stöðu sem er uppi í málinu? Þarf heilbrigðisnefndin að taka gjaldskrá ársins 2015 einnig til umsagnar í ljósi úrskurðarins?
2. Óskað er leiðbeininga frá heilbrigðisnefndinni um hvaða útgjöld mega liggja til grundvallar ákvörðun um endurálagningu sorphirðugjalda fyrir árið 2014.



### Vegna spurningar nr. 1.

*Hvernig ber Akraneskaupstað að standa að umsagnarferlinu miðað við þá stöðu sem er uppi í málinu? Þarf heilbrigðisnefndin að taka gjaldskrá ársins 2015 einnig til umsagnar í ljósi úrskurðarins?*

Fjárhagsáætlun ársins 2014 gerði ráð fyrir að sorpgjöldin hækkuðu um 3% miðað við árið 2013 þannig að gjald fyrir sorphreinsun yrði kr. 16.095 (var kr. 15.625 árið 2013) fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur og að gjald vegna sorpeyðingar yrði kr. 13.725 (var kr. 13.325 árið 2013). Fjárhagsáætlunin var samþykkt 10. desember 2013 og hvað sorpgjöldin varðar var gjaldskráin undirrituð af bæjarstjóra þann 30. desember og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 14. janúar 2014.

Við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar vegna ársins 2015, þann 11. nóvember 2014, var samþykkt sú tillaga að gjöldin yrðu þau sömu og árið 2014 þ.e. sömu og í þeirri gjaldskrá sem nú hefur komið í ljós að er ekki lögmæt. Með bréfi 9. desember 2014, var sú tillaga send heilbrigðisnefnd til umsagnar. Erindið mun hafa verið tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 11. desember 2014. Heilbrigðisnefndin bókaði að hún gerði ekki athugasemd við erindið. Ný gjaldskrá var hins vegar ekki birt í B-deild Stjórnartíðinda þar sem gjöldin voru óbreytt. Ljóst er því að álagningin vegna ársins 2015 er frábrugðin álagningunni 2014 að því leyti að umsagnar var aflað en hins vegar var gjaldskráin ekki birt sérstaklega enda um óbreyttar fjárhæðir að ræða.

Í þessu sambandi óskar Akraneskaupstaður eftir áliti heilbrigðisnefndar á því hvort rétt málsmeðferð sé að Akraneskaupstaður sendi drög að nýrri gjaldskrá fyrir árið 2015 til umsagnar heilbrigðisnefndar áður en gildistaka hennar verður auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Í þeirri gjaldskrá verði sett ákvæði um endurálagningu vegna ársins 2014 í ljósi úrskurðarins. Einnig er óskað eftir áliti nefndarinnar á því hvort um sé að ræða tiltekin tímamörk til endurákvörðunar gjaldsins.

### Vegna spurningar nr. 2.

*Hvaða gjöld má leggja til grundvallar við endurákvörðun á sorphirðugjöldum ársins 2014?*

Ákvörðun um fjárhæð sorpgjalda fyrir árið 2014 grundvallaðist á þeim útgjöldum sem mæta þarf vegna málaflokksins. Þar komu til skoðunar málaflokkur 08-21 **Sorphreinsun** og málaflokkur 53 **Gáma** sem er A-hluta stofnun sem hefur með höndum rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi en sameiginlega sýna þessir málaflokkar þau útgjöld Akraneskaupstaðar sem gjaldskrár fyrir hirðu og eyðingu sorps eiga að mæta.

Vegna gjaldskrár fyrir árið 2014 voru eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

1. Áætlaðar tekjur kr. 76.067.000.
2. Áætluð gjöld að fjárhæð kr. 73.363.000 sem greinast þannig:
  - a. Áætlaður sameiginlegur kostnaður, aðkeypt þjónusta o.fl. kr. 65.739.000.



- b. Annar áætlaður kostnaður vegna Gámu fyrir árið 2014 vegna „stjórnunarkostnaðar“/umsýslu bæjarskrifstofu kr. 1.730.000.
- c. Áætluð millifærð gjöld vegna „stjórnunarkostnaðar“/vinnu/umsýslu skipulags- og umhverfissviðs kr. 740.000.
- d. Áætlaður kostnaður vegna reksturs húsnæðis Gámu kr. 1.666.000.
- e. Áætlaður kostnaður vegna lóðar Gámu kr. 665.000.
- f. Áætlaðar afskriftir vagna fastafjármuna í Gámu kr. 1.108.000.
- g. Áætlaðir fjármagnsliðir Gámu kr. 1.715.000.

Áætlaður tekjuafgangur vegna reksturs sorphirðu á Akranesi árið 2014 var kr. 2.704.000. Niðurstaða samkvæmt ársreikningi 2014 var hins vegar jákvæð sem nemur kr. 6.178.371 sem skýrist m.a. af því að verðbólga var mun lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Eigið fé Gámu var hins vegar neikvætt um 6,5 mkr. í ársbyrjun 2014 og því talið rétt að jákvæð rekstrarafkoma í lok árs 2014 yrði nýtt til að greiða niður hallareksturinn áður en til gjaldskrárlækkunar kæmi. Í því sambandi er rétt að taka fram að rekstur sorphirðu á Akranesi undanfarin 10 ár hefur verið neikvæður sbr. eftirfarandi yfirlit:

**Rekstur sorphirðu á Akranesi, tímabilið 2004 til 2013, var eftirfarandi:**

Rekstur ársins	Rekstrarafkoma Gámu <i>Hagnaður/(tap)</i>	Rekstrarafkoma 08-21 Sorphreinsun <i>Hagnaður/(tap)</i>	Samtals <i>Hagnaður/(tap)</i>
2004	(6.930.807)	(27.429.229)	(34.360.036)
2005	(7.639.841)	(21.992.057)	(29.631.898)
2006	3.879.253	(52.929.897)	(49.050.644)
2007	(5.150.375)	(31.039.668)	(36.190.043)
2008	3.451.514	(27.313.251)	(23.861.737)
2009	3.139.641	(7.713.487)	(4.573.846)
2010	(3.100.915)	1.665.787	(1.435.128)
2011	1.133.389	2.980.383	4.113.772
2012	600.897	26.516	627.413
2013	5.763.133	46.610	5.809.743
<b>Samtals</b>	<b>3.172.565</b>	<b>(162.729.381)</b>	<b>(159.556.816)</b>

Eins og framangreint yfirlit ber með sér hefur rekstur sorphirðu hjá Akraneskaupstað verið greiddur að hluta til af skatttekjum á umræddu tímabili þar sem gjaldskrá kaupstaðarins hefur verið lægri en áfallinn kostnaður vegna hreinsunar og förgunar sorps. Samanlagt nema útgjöld sem greidd hafa verið af skatttekjum 159.556.816 milljónum króna og er þá ekki reiknað með arðsemi af því fjármagni sem bundið er í eignum málaflokksins en áætla má að eðlileg arðsemi af eignunum á tímabilinu væri 15-20 milljónir króna.

Akraneskaupstaður telur því að gjaldskrá sú sem birt var þann 14. janúar 2014 endurspeglar þann kostnað sem fylgir sorphirðu- og eyðingu hjá Akraneskaupstað vegna ársins 2014.



## Akraneskaupstaður

Er óskað umsagnar heilbrigðisnefndar Vesturlands um hvaða gjöld megi leggja til grundvallar endurákvörðunar um sorphirðugjöld á Akranesi fyrir árið 2014 sbr. 25. gr. laga númer 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Meðfylgjandi er áætlun ársins 2014 og ársreikningur vegna sama árs.

Ef nefndin óskar eftir frekari greiningu á fyrirliggjandi gögnum eða e.a. einhver önnur gögn, verður fúslega orðið við því.

F.h. Akraneskaupstaðar

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri